



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgjótu 4 · 150 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068

postur@mm.is · menntamálaráðuneyti.is

Hafnarfjarðarbær  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 HAFNARFIRÐI

Reykjavík 28. febrúar 2014  
Tilv.: MMR13040326/12.10.2

Vísað er til bréfs yðar, dags. 30. janúar sl., þar sem Hafnarfjarðarbær býður áframhaldandi stuðning við starfsemi Kvikmyndasafns Íslands til næstu þriggja ára. Í bréfinu kemur fram að safninu verði tryggð endurgjaldslaus afnot af Bæjarbíói fyrir sýningarhald safnsins í samræmi við drög að samningi milli ráðuneytisins og bæjarfélagsins „um stuðning Hafnarfjarðarbæjar við sýningarhald Kvikmyndasafns Íslands“ sem fylgja bréfinu.

Ráðuneytið er upplýst um að þessi samningsdrög hefðu verið samþykkt á fundi bæjarráðs 30. janúar sl. Bæjarráð staðfesti einnig á sama fundi samþykkt menningar- og ferðamálanefndar bæjarins um að auglýst skyldi eftir áhugasömum aðila til að taka að sér rekstur Bæjarbíós.

Þann 15. janúar sl. var haldinn fundur í ráðuneytinu þar sem kynnt voru drög að samningi sömu aðila, þ.e. Hafnarfjarðarbæjar og ráðuneytisins f.h. Kvikmyndasafnsins, en þar var um að ræða „*samning um rekstur Bæjarbíós og sýningarhald Kvikmyndasafns Íslands*“.

Samkvæmt upplýsingum sem fram komu á fundinum fólst í þeim texta niðurstaða viðræðna fulltrúa safnsins og bæjarins allt frá sumarmánuðum 2013. Stóð til að leggja hann fyrir menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar á næstu dögum eftir fundinn og bæjarráð í kjölfarið. Nefndin hafði áður fjallað um þessi drög á tveimur fundum án athugasemda.

Ráðuneytið hefur fengið staðfest að ekkert samráð var haft við Kvikmyndasafnið við gerð þeirra samningsdraga, sem samþykkt voru á fundi bæjarráðs 30. janúar sl. Það er ljóst að afstaða bæjaryfirvalda í Hafnarfirði hefur breyst verulega frá því að viðræðum þeirra við fulltrúa safnsins lauk með gerð fyrri samningsdraga, en jafnframt að ýmislegt í fyrirliggjandi samningsdrögum verður að teljast viðsjárvert og jafnvel óásættanlegt fyrir Kvikmyndasafnið og ráðuneytið:

- Í þeim samningsdrögum sem samþykkt voru á fundi bæjarráðs er ekki lengur gert ráð fyrir að Kvikmyndasafnið hafi rekstur Bæjarbíós með höndum eins og verið hefur frá því fyrst var gerður samningur milli aðila um húsnæðið 28. nóvember 1996 og fyrirhugað hafði verið samkvæmt þeim drögum sem fulltrúar bæjarins og safnsins höfðu unnið að. Með þessu yrði sú grundvallarbreyting að Bæjarbíó hætti að vera „heimili“ safnsins. Sé safninu ekki ætlað að hafa stjórn hússins með höndum eru upprunalegar forsendur fyrir flutningi þess í Hafnarfjörð orðnar að engu og allt samstarf þess við önnur kvikmyndasöfn í Evrópu í uppnámi, þar sem sýningar í eigin safnbíói við réttar aðstæður er forsenda fyrir lánum á efni úr kvikmyndasöfnum. Þessi staða kemur einnig í veg fyrir samstarf safnsins við eigendur sambærilegra kvikmyndahúsa í Evrópu, sem gæti m.a. leitt til þess að styrkir fengjust til endurbóta á Bæjarbíói úr EEA sjóðnum.

- Í drögunum sem bæjarráð samþykkti er ekki tiltekinn neinn samráðsvettvangur samningsaðila, en slíkur vettvangur (bíorráð) hafði verið skilgreindur í sameiginlegum drögum aðila.
- Í drögunum er ekki minnst á aðra notkun hússins en til kvíkmyndasýninga, og því óljóst hvort að safninu / ráðuneytinu er ætlað að geta veitt umsögn og/eða hafnað hugmyndum um aðra notkun þess til að vernda hagsmuni safnsins og/eða þær eigur þess sem eru í húsnæðinu.
- Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbærar er skv. 2. mgr. 3. gr. samningsdraganna ætlað að hafa vald yfir sýningaráætlun safnsins, til samþykkis eða höfnunar. Ráðuneytið hefur aldrei tekið sér slíkt vald gagnvart starfsemi safna í eigu ríkisins, heldur stutt ótvírætt vald/ábyrgð forstöðumanna á starfsemi safna innan ramma lagaheimilda, þar með talið ábyrgð þeirra á sýningarhaldi. Ekki er hægt að fallast á að öðrum verði veitt slíkt vald með samningum.
- Ekki er fjallað um breytingar á sýningardagskrá safnsins í þeim samningsdrögum sem samþykkt voru á fundi bæjarráðs, eins og gert var í sameiginlegum drögum aðila, þ.e. um fjölgun reglubundinna sýninga á samningstímanum og viðburðatengdum sýningum a.m.k. mánaðarlega. Í þeim kemur heldur ekki fram nein áætlun um endurbætur Bæjarbíós, en slík áætlun fylgdi sameiginlegum drögum aðila og átti að teljast hluti samningsins.
- Loks gera fyrirliggjandi samningsdrög ráð fyrir nokkuð stuttum samningstíma eða þremur árum og mögulegri uppsögn samningsins innan þess tíma, sem gerir Kvíkmyndasafninu erfitt að gera langtímaáætlanir um starfsemi sína og þróun hennar.

Á grundvelli staðfestingar bæjarráðs á samþykkt menningar- og ferðamálanefndar þar að lútandi hefur Hafnarfjarðarbær nú, án samráðs við ráðuneytið, auglýst eftir áhugasönum aðila til að taka að sér rekstur Bæjarbíós, sbr. auglýsingar í fjöldum 15. febrúar sl. Ekkert kemur fram í ofangreindum samningsdrögum né fyrirliggjandi auglýsingum um mögulega verka- og/eða valdaskiptingu milli þessa rekstraraðila og safnsins vegna húsnæðisins.

Að vandlega íhuguðu máli og með vísan til ofangreindra atriða er ráðuneytið ekki reiðubúið til að undirrita samning um sýningaraðstöðu Kvíkmyndasafns Íslands í Bæjarbíó á grundvelli fyrirliggjandi samningsdraga, enda hafa þau drög verið lögð fyrir menningar- og ferðamálanefnd og síðan bæjarráð Hafnarfjarðar án samráðs við safnið eða ráðuneytið.

Ráðuneytið er hins vegar tilbúið til að undirrita samning á grundvelli þeirra samningsdraga sem aðilar höfðu náð saman um áður en þau samningsdrög komu fram sem ráðuneytinu voru send með bréfinu 30. janúar sl.

Farið er fram á að Hafnarfjarðarbær móti sem fyrst afstöðu sína til ofangreindra kosta. Verði ekki af samningum, mun ráðuneytið óska eftir því við Kvíkmyndasafn Íslands að það leiti annarra leiða til að sinna hlutverki sínu á sviði kvíkmyndasýninga. Safnið mun þá einnig fjarlægja eigur sínar úr húsnæði Bæjarbíós að lokinni sýningardagskrá vetrarins þannig að Hafnarfjarðarbær geti afhent það væntanlegum rekstraraðila til afnota.



Þórhildur Gunnarsson



Ásta Magnúsdóttir